

## Tillaga til þingsályktunar

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson,  
Sigurjón Þórðarson, Gunnar Örlygsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa fulltrúa allra þingflokka, er sæti eiga á Alþingi, í nefnd sem endurskoði kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin hafi að markmiði að jafna atkvæðisrétt landsmanna þar sem landið verði allt eitt kjördæmi. Þá fái nefndin það hlutverk að leggja til fyrirkomulag þar sem ráðherrar víki þingsæti fyrir varamönnum sínum og hvaða skyldum ráðherrar gegna þá varðandi störf þingsins.

### Greinargerð.

Áður fyrr þótti mönnum sem rök lögju til þess að fólk í strjálum byggðum ætti meira afl í atkvæði sínu en þéttbýlisfólk og þó einkum íbúar höfuðborgarinnar. Þetta reyndust falsrök ein, enda verður í engu séð að misvægi atkvæða hafi nokkurs manns hagsmuni varið né heldur byggðarlaga. Þvert á móti, þar sem fulltrúar þéttbýlisins hafa hrifsað til sín að kalla allt framkvæmdarvaldið með beinni vísan til þess að með því móti væri verið að jafna völd og áhrif á móti atkvæðisréttinum sem taldist landsbyggðinni mjög hagstæður.

Árið 2000 var samþykkt á Alþingi Íslendinga tillaga um að misvægi atkvæða skyldi vera allt að einn á móti tveimur. Atkvæðisrétturinn, helgur undirstöðuréttur þegna í lýðræðisríki, var þar með áfram misjafn sem uppfyllir ekki jafnræðisreglu. Og örþjóðinni, sem er ekki fjölmennari en meðalborg í nágrannalöndunum, var skipt upp í kjördæmi, með það eitt að leiðarljósi að innan þeirra byggji sem jafnastur fjöldi fólks. Það leiddi til þess að höfuðborgarsvæðinu þurfti að skipta þvers og kruss og hagræða kjördæmamörkum þar eftir stærð fjölbýlishúsa og fjölda íbúa þeirra. Það má líka heita með ólíkindum ákvæðið sem kveður svo á að skilyrði til að fá úthlutað jöfnunarþingsæti sé að framboð fái á landsvísu 5% atkvæða, eða um 9.160 atkvæði miðað við alþingiskosningarnar 2003, og enda þótt slíkt framboð hafi fengið kjördæmakjörinn mann. Samkvæmt þingsköpum Alþingis teljast tveir þingmenn þingflokkur og eðlilegt væri að nái flokkur tveimur mönnum, þ.e. fái u.þ.b. 5.500 gild atkvæði eða meira, þá fáiast uppbótarþingmenn. Það er misræmi í því að 5.500 kjósendum sé meinað að fá kjörinn þingmann þegar besta nýting atkvæða á bak við þingmann er aðeins 2.707 atkvæði, en meðaltalið á bak við alla þingmenn nú er 2907,5 atkvæði.

Frjálslyndi flokkurinn telur brýnt að landið verði allt eitt kjördæmi og hinn dýrmæti lýðræðislegi frumburðaréttur einstaklinganna, atkvæðisrétturinn, verði þar með jafn og óskertur. Þar með bæru allir þingmenn jafna ábyrgð gagnvart kjósendum hvar sem búseta þeirra væri. Enginn þingmaður gæti því vísað frá sér málum vegna þess að þingmenn úr viðkomandi kjördæmi ættu að gæta hagsmuna annarra landsvæða og íbúa.

Það er augljóst mál að ekki verður búið við hina nýju kjördæmaskipan. Þess vegna er rétt að breyta sem fyrst skipan þessa undirstöðumáls lýðræðisins og sleppa sem fyrst frá núgildandi millistigi með þrjú mjög stór landsbyggðarkjördæmi og uppskipta höfuðborg.

Frjálslyndi flokkurinn átti enga aðild að samþykkt tillögunnar árið 2000 þar sem landinu var skipt upp í sex kjördæmi og lagði fyrst á 126. löggjafarþingi fram tillögu um breytta kosningaskipan, líkt og nú er gert.

Frjálslyndi flokkurinn hefur áður lagt til að tekin verði upp ákvæði um að taki þingmaður sæti ráðherra víki hann úr þingsæti fyrir varamanni sínum. Það gerði þingflokkurinn í þingsályktunartillögu um kosningar til Alþingis sem flutt var á 126. og 127. löggjafarþingi. Með því móti væri dregin skýrari lína milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds en nú er. Áhrif ráðherra hafa farið vaxandi á kostnað löggjafarvaldsins.

## Fylgiskjal.

## Úrslit alþingiskosninganna 10. maí 2003.

	Atkvæðatölur							Skipting í gilda, auða og ógilda seðla			Greidd atkvæði alls
	Framsóknar-flokkur	Sjálfstæðis-flokkur	Frjálslyndi flokkur	Nýtt afl	Sam-fylking	Framboð óháðra í Suður-kjördæmi	Vinstri hreyfingin - grænt framboð	Gild atkvæði alls	Auðir seðlar	Ógildir seðlar	
	B	D	F	N	S	T	U				
Norðvestur-kjördæmi	4.057	5.532	2.666	122	4.346		1.987	18.710	245	29	18.984
Norðaustur-kjördæmi	7.722	5.544	1.329	136	5.503		3.329	23.563	256	58	23.877
Suðurkjör-dæmi	5.934	7.307	2.188	166	7.426	844	1.167	25.032	282	29	25.343
Suðvestur-kjördæmi	6.387	16.456	2.890	399	14.029		2.671	42.832	372	42	43.246
Reykjavík-ur-kjördæmi suður	4.185	14.029	2.448	504	12.286		3.438	36.890	379	58	37.327
Reykjavík-ur-kjördæmi norður	4.199	12.833	2.002	464	13.110		3.537	36.145	339	131	36.615
Atkvæði alls	32.484	61.701	13.523	1.791	56.700	844	16.129	183.172	1.873	347	185.392
	Hlutfallsleg skipting gilda atkvæða							Skipting í gilda, auða og ógilda seðla			Greidd atkvæði alls
	B	D	F	N	S	T	U	Gild atkvæði alls	Auðir seðlar	Ógildir seðlar	
Norðvestur-kjördæmi	21,68%	29,57%	14,25%	0,65%	23,23%	-	10,62%	98,56%	1,29%	0,15%	100,00%
Norðaustur-kjördæmi	32,77%	23,53%	5,64%	0,58%	23,35%	-	14,13%	98,68%	1,07%	0,24%	100,00%
Suður-kjördæmi	23,71%	29,19%	8,74%	0,66%	29,67%	3,37%	4,66%	98,77%	1,11%	0,11%	100,00%
Suðvestur-kjördæmi	14,91%	38,42%	6,75%	0,93%	32,75%	-	6,24%	99,04%	0,86%	0,10%	100,00%
Reykjavík-ur-kjördæmi suður	11,34%	38,03%	6,64%	1,37%	33,30%	-	9,32%	98,83%	1,02%	0,16%	100,00%
Reykjavík-ur-kjördæmi	11,62%	35,50%	5,54%	1,28%	36,27%	-	9,79%	98,72%	0,93%	0,36%	100,00%
Atkvæði alls	17,73%	33,68%	7,38%	0,98%	30,95%	0,46%	8,81%	98,80%	1,01%	0,19%	100,00%

Úthlutun jöfnunarsæta samkvæmt 108. gr.				13. hluti
Úthlutunarröð jöfnunarsæta				
	Landstala við úthlutun	Hæsta hlutfalls-tala	Bókstafur samtaka sem hlýtur úthlutun	Kjördæmi þar sem úthlutað er
1. sæti	4.507,7	7,12%	F	Norðvesturkjördæmi
2. sæti	3.380,8	6,75%	F	Suðvesturkjördæmi
3. sæti	3.225,8	7,06%	U	Norðausturkjördæmi
4. sæti	3.085,1	8,88%	D	Reykjavíkurborg
5. sæti	2.984,2	8,33%	S	Reykjavíkurborg suður
6. sæti	2.938,1	7,68%	D	Suðvesturkjördæmi
7. sæti	2.835,0	7,42%	S	Suðurkjördæmi
8. sæti	2.804,6	7,61%	D	Reykjavíkurborg suður
9. sæti	2.707,0	5,81%	B	Reykjavíkurborg norður

Úthlutað jöfnunarsæti	B	D	F	N	S	T	U	Alls
Norðvesturkjördæmi	–	–	1	–	–	–	–	1
Norðausturkjördæmi	–	–	–	–	–	–	1	1
Suðurkjördæmi	–	–	–	–	1	–	–	1
Suðvesturkjördæmi	–	1	1	–	–	–	–	2
Reykjavíkurborg suður	–	1	–	–	1	–	–	2
Reykjavíkurborg norður	1	1	–	–	–	–	–	2
Heildartala jöfnunarsæta	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>2</b>	–	<b>2</b>	–	<b>1</b>	<b>9</b>